



Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar námu á Rauðamel á Reykjanesi



Bjarni F. Einarsson
2019

Forsíðumyndin sýnir ein vörðuna við Skipsstígin þar sem hann liggur í landi Grindavíkkur. Sjá má mosagróna rönd í melnum, en hún markar leiðina. (Fornleifar nr. 22:17. Horft mót N. Ljósm. BFE 2019).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Íslenska aðalverktaka
Apríl 2019

Inngangur

Að beiðni Eflu, verkfræðistofu fyrir hönd Íslenskra aðalverktaka kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á svæði þar sem fyrirhugað er að stækka námu austan við Stapafell á Reykjanesi. Er könnunarsvæðið og staðsetning fornleifa sýnt á loftmynd 1.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrá og Sýslu- og sóknarlýsingar, en áður hafa þessar heimildir verið kannaðar.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 17. apríl síðastliðinn. Veður var vinda- og votviðrasamt á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá.

Fulltrúi verkkaupa var Snævarr Örn Georgsson hjá Eflu, verkfræðistofu.



Mynd 1. Yfirlit yfir framkvæmdasvæðið (rauð og fjólublá brotin lína). Skipstígurinn er græn lína og vörðurnar eru í miðjum grænum hringjum. (Loftmyndir ehf. Viðbætur: Efla-Fornleifafræðistofan).

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr.). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
22:1	Fornleið	1	Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Ljós. Dróni
22:15	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Prufuhola
22:16	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Prufuhola
22:17	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Prufuhola
22:18	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Prufuhola
143:1	Fornleið	1	Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Ljós. Dróni
143:42	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Prufuhola
143:43	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
	Fjöldi fornleifa/minja	8 (7)				Meðaltöl:				

Tafla yfir skráðar fornleifar á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Nr. 22 er í Grindavík og nr. 143 í Reykjanesbæ. Nr. 22:1 og 143:1 eru í raun sömu fornleifarnar, Skipsstígur. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Samtals voru átta fornleifar undir átta númerum skráðar í tengslum við vettvangskonununa. Tvær þessara fornleifa (Skipsstígur) eru í raun einar og sömu fornleifarnar, en fá sitt hvort númerið í hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Engar fornleifanna töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi.

Tvær fornleifar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi, en það er Skipsstígurinn. Aðar fornleifar (vörður) höfðu lítið minja- og varðveislugildi. Þess ber þó að geta að sem heild við Skipsstíginn hafa vörðurnar talsvert minja- og varðveislugildi, en nær allur stígurinn er varðaður frá Grindavík að Innri Njarðvík.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og vörðum og leiðum eru gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Vestan við könnunarsvæðið lá Þórðarstígur svokallaður. Á sumum kortum, þar á meðal Minjagátt Minjastofnunar Íslands, er hann sýndur á hinu fyrirhugaða námusvæði þar sem hann beygir í skörpum sveig austur fyrir Stapafellið og sameinast svo Skipsstíg nokkuð norðan við námasvæðið. Þessi leið hefur verið stíkuð í seinni tíð. Við vettvangsskoðun eru engin ummerki um að stígurinn hafi legið á þessum stað og er það mat undirritaðs að stígurinn hafi legið mun nær Stapafellinu og sé þar horfinn í námuna fyrir marga löngu. Enn má sjá stíginn liggja upp að Stapafellinu og hverfa þar, talsvert vestur af hinu fyrirhugaða námasvæði sem hér er fjallað um. Þessi sveigur á leiðinni fyrir Stapafellið er því seinni tíma tilbúningur.

Helstu fornleifar

Helstu fornleifarnar eru Skipstígurinn (með vörðunum) sem þverar Reykjanesið frá Grindavík að Innri Njarðvíkum. Víða, utan við hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði, má sjá hvernig hann hefur sorfið sig niður í hraunhellur sem gefur fyrirheit um mjög háann aldur. Hann gæti verið eldri en gefið er uppi í þessari skýrslu, eða eldri en 1550. Ekki er vitað hvort vörðurnar séu jafn gamlar honum eða hafi komið til á seinni stigum.

Sem heild, gata og vörður, hefur Skipstígur hærra gildi en einstakar fornleifar og í því felst gildi hans. Honum hefur þegar verið raskað nokkuð á hinu fyrirhugaða námusvæði.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Einar voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki. Allar fornleifarnar teljast vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar námuvinnslu. Líklega er ekki hægt að sneiða hjá fornleifum og því þarf hugsanlega mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar og utan við hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Árbók Ferðafélags Íslands 1984. Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu. Reykjavík 1984:66.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Geir Bachmann. (1937-1939). Lýsing Grindavíkursóknar 1840-1841. Sýslulýsingar og sóknarlýsingar. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík: Félagið Ingólfur.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Hið ísl. bókmenntafélag.

Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Ný útgáfa. Sögufélag. Reykjavík 2007.

Örnefnaskrá. Járngerðarstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Örnefni í óbyggðinni vestur og norður frá Grindavík. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Grindavík Nr. 22:1, 15-18.

Reykjanesbær Nr. 143:1, 42-43.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Grindavík	2300		22
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Járngerðarstaðir mm		Skipsstígur		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.04.2019	E 328276 N 383297	Isn 93	17	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fornleið		Rau 19 Hell-Hel 09	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900				Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Leiðin liggur frá Grindavík (þar sem hún er merkt með skilti) til Njarðvíkur. Hún liggur ýmist yfir mosagróid hellurhraun eða úfið apalhraun.

Heimildir og munnmæli

Árbók Ferðafélags Íslands 1984. Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu. Reykjavík 1984:66.
Járngerðarstaðir. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands. Handrit.
Örnefni í óbyggðinni vestur og norður frá Grindavík. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands. Handrit.

Lýsing

Fornleið.

Leiðin hlykkjast um hraunin á kafla, en er víða nokkuð bein. Hún er ca. 0,5 - 3 m breið og 0,2 - 0,5 m djúp (þar sem hún var skoðuð). Öll leiðin er vörðuð og víða má sjá sorfna rennu í hraunhelluna eftir aldalanga umferð.

Leiðin er víðast hvar mjög greinileg, enda má sjá að hún hefur víða verið hreinsuð af grjóti og það myndað garða sitt hvoru megin við götuna.

Henni hefur verið raskað í seinni tíð af vegagerð vestur af Hitaveitu Suðurnesja og námustarfsemi við Stapafell og Sútur.

Leiðin kallaðist ýmist Skipstígur, Skipstígsvegur og Járngerðarstaðavegur (Landnám Ingólfs. 1937:129).

Efri myndin er tekin talsvert sunnan við skoðunarsvæðið (fyrirhuguð náma við Rauðamel).

Neðri myndin er tekin við línuveg hjá RM 1.

Í Örnefnaskrá yfir óbyggðir vestan og norðan við Grindavík heitir stígurinn Skipastígur.

Stígurinn er nr. 143 í Reykjanesbæ.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus C2040.Fuji FinePix S-7000

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Grindavík	2300		22
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				15

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.04.2017	E 328164,9 N 383646,0	Isn 93		-

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða							Rau 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?			Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei			Nei	

Lega og staðhættir

Á mel sunnan við veginn að málarnámunum við Stapafell.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, um 3 m í þvermál og 0,1 - 0,2 m há, nánast hringlaga.

Varðan er gróin mosa og er hún fallin.

Stendur fast upp við Skipsstíg að austanverðu.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Grindavík	2300		22
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
				16

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.04.2017	E 328137,8 N 383707,1	Isn 93		-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Rau 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á mel sunnan við veginn að málarnámunum við Stapafell.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, um 2 m í þvermál og 0,1 m há, nánast hringlaga.

Varðan er gróin mosa og er hún fallin.

Stendur fast upp við Skipsstíg að vestanverðu.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Grindavík	2300		22
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
				17

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.04.2017	E 328137,7 N 383750,7	Isn 93		-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Rau 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á mel sunnan við veginn að málarnámunum við Stapafell.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, um 2,5 m í þvermál og 0,1 m há, nánast hringlaga.

Varðan er gróin mosa og er hún fallin.

Stendur fast upp við Skipsstíg að vestanverðu.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Grindavík	2300		22
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
				18

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.04.2017	E 328116,3 N 383808,0	Isn 93		-

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða							Rau 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2			Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á mel sunnan við veginn að málarnámunum við Stapafell.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, um 2,5 m í þvermál og 0,1 m há, nánast hringlaga.

Varðan er gróin mosa og er hún fallin.

Stendur fast upp við Skipsstíg að vestanverðu.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200		143
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
		Skipsstígur		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sandra Sif Einarsdóttir	17.04.2019	E 328097 N 383961	Isn 93		5

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Fornleið							Rau 19 Hell-Hel 09 Dal	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?	
Efnistaka	Lítill	Ágætt	1550-1900				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?
Talsvert	6	Talsvert	6				Nei	Nei

Lega og staðhættir

Á milli Innri Njarðvíkur og Járngerðastaða í Grindavík. Upphaf leiðarinnar í Innri Njarðvík er merkt vestan við spennustöð Hitaveitu Suðurnesja nærri Fitjum í Innri Njarðvík. Þessi staðsetning er ekki rétt og í raun er upphafið nokkru austar og er ómerkt.

Lýsing

Fornleið.

Skipsstígur liggur frá Innri Njarðvík að Járngerðarstöðm í Grindavík. Norðan megin (við Innri Njarðvík og Patterson flugvöll) er leiðin mjög illa farin og lítið sem ekkert vörðuð. Þegar sunnar dregur verður leiðin mjög skýr og hefur markast för í hraunhelluna á köflum. Margar varðanna eru mjög heillegar. Rétt norðan við við námuveginn sem liggur frá Seltjörn að Stapafelli sameinast Árnastígur Skipstígi og renna þeir í eitt. Í örnefnaskrá Járngerðastaða segir: „Á Gerðavöllum er allt fullt af gördum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana en þeir reru til skiptis eftir veðri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum) eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli og hét þar **Skipsstígur**“ (Örnefnaskrá Járngerðastaða 1, bls. 3).

Í Lýsingu Grindavíkursóknar frá 1840-41 segir „Miðvegurinn, sem ýmist kallast Járngerðastað- eða Skipstígur, liggur í útnorður fyrir sunnan Þorbjarnarfell, og er þá Þórðarfell, Súkur og Stapafell allt að vestan- og sunnanverðu. Syðsti vegurinn, sem bæði kallast Staðar- og Tóttarvegur, liggur til norðurs, mjög krókótt, fyrir sunnan Þórðarfell, en þó fram með því að norðanverðu, milli þess og Súlna og Stapafells, og kemur á Járngerðarstaðavegin á landamerkjum Njarð- og Grindvíkinga, fyrir norðan Stapafell, efst í svonefndri Njarðvíkurheiði.“ (Geir Bachmann, 1937-1939, bls. 129).

Athugasemdir

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá Járngerðastaða. (E.d.) Óútgefið handrit. Reykjavík: Örnefnastofnun. Geir Bachmann. (1937-1939). Lýsing Grindavíkursóknar 1840-1841. *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík: Félagið Ingólfur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Sandra Sif Einarsdóttir

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200		143
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
				42

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.04.2019	E 328060,1 N 384141,7	Isn 93		-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Rau 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Norðan við veg að Stapafellsnámu. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, um 2 m í þvermál og 0,3 m há.

Varðan er vaxin mosa og fallin.

Varðan stendur við Skipsstíg vestanverðan.

Teikning/liósmýnd



Ljósmýnd



Ljósmýndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200		143
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
				43

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.04.2019	E 328068,5 N 384097,5	Isn 93		-

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða							Rau 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?
Lítið	2	Lítið	2				Nei	Nei

Lega og staðhættir

Norðan við veg að Stapafellsnámu. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, um 2 m, ferhyrnd og 0,5 m há.
Varðan er vaxin mosa og fallin að hluta.
Varðan stendur við Skipsstíg vestanverðan.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.